

53. Fundur æskulýðs- og íþróttanefndar haldinn 12. maí 2015 kl. 17:30

Mættir:

Hildur Sigurðardóttir, Gunnlaugur Smáráson, Magnús Ingi Bæringsson, Sigfús Magnússon, Guðmundur Helgi Þórssón, Agnes Helga Sigurðardóttir Íþróttá og tómsfundafulltrúi, Vignir Sveinsson forstöðumaður Íþróttamannvirkja (Vignir vék af fundi eftir 1. Dagskrálið)

1. Vignir fór yfir hugmyndir um nýja gjaldskrá sundlaugar og ræddi dæmi frá öðrum sundstöðum. Sjá mf. Blað.

Nefndin leggur til að sundlaugin bjóði upp á sex mánaða fjölskyldukort til sölu næsta haust og að það verði kynnt og boðið upp á samhliða heisludögum í lok september, leitað verði til Vignis með verðlagningu á slíku korti.

Vignir var spurður um stöðuna á gólfinu í Íþróttahúsinu. Hann fór yfir hvernig hægt er að gera gólfið nothæft þar til skipt verður um. Vignir er að skoða hvort hægt sé að lakka yfir gólfið í sumar. Jafnframt tilkynnti hann að skipt verður um ljós í salnum í næstu viku.

Agnes nefndi að sundlaugin okkar er ekki skráð inná sundlaugar.is sem er vefur með upplýsingum um allar sundlaugar. Nefndin telur brýnnt að það verði lagfært.

2. Magnús fór yfir bréf rólóvinafélagsins. Sjá mf. Bréf.

Nefndin ítrekar fyrri bókun nefndar á fundi 2.desember 2014 um mikilvægi lagfæringar á leikvöllum og fagnar frumkvæði rólóvinafélagsins.

Nefndin óskar eftir því við bæjarstjórn að farið verði í samstarf við rólóvinafélagið um viðhald og uppbyggingu.

3. Agnes fór yfir hugmyndir um skólagarða og námskeið í sumar.

Nefndin leggur til að bæaryfirvöld stiðji þetta framtak Íþróttá og tómsfundafulltrúa og að farið verði í uppsetningu á skólagörðum.

Rætt var um mikilvægi þess að störf vinnuskólans séu fjölbreytt, þannig að þau læri að takast á við fjölbreytta vinnu. Krakkarnir vinni við viðhald á rólóvöllum, íþróttasvæðum og skólalóð sem dæmi.

Hildur Sigurðardóttir óskar eftir að hætta í nefndinni vegna flutninga. Formaður þakkaði henn fyrir samstarfið.

Fundi slitið kl. 19

Fundarritari Hildur Sigurðardóttir